

Ársskýrsla Bókasafns Garðabæjar 2014



Listasmiðja mars 2014

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026

Almennar upplýsingar

Bókasafnið er upplýsinga- og menningarstofnun og hlutverk þess er að veita Garðbæingum, bæði börnum og fullorðnum, aðgang að fjölbreyttum bókakosti og rafrænum miðlum til fræðslu og afþreyingar. Þá er safninu ætlað að örva lestraráhuga og styðja við menningarlíf í Garðabæ.

Við sameiningu Álftaness og Garðabærjar voru bókasöfn þessara sveitarfélaga sameinuð og Bókasafn Álftaness er nú rekið sem hluti af Bókasafni Garðabæjar. Hið sameinaða safn heyrir undir menningar- og safnanefnd Garðabæjar. Bókasafnið á Garðatogi er opið virka daga frá 9 til 19, laugardaga (1. okt. - 15. maí) 11 til 15, og fyrsta föstudag í mánuði frá 11 til 19. Álftanessafn er opið mán, þri, fim, frá 16 til 19, mið frá 16 til 21 og fös frá 16 til 18.

Starfsfólk

Í lok árs 2014 störfuðu á báðum söfnunum 9 starfsmenn í 5,35 % stöðugildum

Hafdís Ingimundardóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur 80%

Helga Sif Guðmundsdóttir, myndlistamaður og upplýsingafulltrúi 50%

Hulda Ásgrímsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur 100%

Oddný H. Björgvinsdóttir, forstöðumaður 100%

Rósa Þóra Magnúsdóttir bókmenntafræðingur og barnabókavörður 95 %

Sigmar Þór Óttarsson, bókavörður og háskólanemi 50%

Í Álftanessafni störfuðu þrír starfsmenn í 60% stöðugildi

Guðrún Gísladóttir, bókasafnsfræðingur 20%

Katrín Jónína Gunnarsdóttir, bókavörður 20%

Sigrún Linda Leifsdóttir, bókavörður 20%

Tölvu- og tæknimál

Tölvueign:

Í árslok voru í safninu 12 tölvur, þar af 5 tölvur til almenningsnota og 2 í afgreiðslu og 5 til afnota fyrir starfsmenn. Í Álftanessafni er 1 tölva sem notuð er til útlána.

Forrit og kerfi:

Bókasafnskerfið Gegnir er sett upp á allar tölvur.

Í Gegni fara fram öll útlán, skil, skráning, tenging og leit að gögnum.

Helstu forrit sem starfsfólk notar eru þau sem fylgja Microsoft Office kerfinu og Microsoft Outlook fyrir tölvupóst. Fimm

almenningstölvur eru í safninu og aðgangur að þráðlausu neti er á lesstofu.



Safneign í árslok 2014

Safneign um áramót 2014	Bókasafn Garðatorgi	Álftanessafn
Bækur	47.616	10.817
Tímarit	10.762 (ib. 821)	2.162(ib. 1)
DVD/myndbönd	1.312	109
Tónlistardiskar	1.212	16
Hljóðbækur	746	76
Annað efni	364 (nótur, kort, gagnasett)	23
Samtals	62.012 (60.816 2013)	13.203 (12.823 2013)

Samanlagður fjöldi safngagna í báðum söfnunum í árslok 2014 75.215 eintök (73.639 2013)

Aðföng 2014

Forstöðumaður sér um öll innkaup til safnanna, og flokkun, skráning og frágangur safngagna fyrir bæði söfnin fer fram í Bókasafni Garðabæjar á Garðatorgi .

Aðföng (nýtt safnefni) skipt eftir efnistegundum:

Tegund safnefnis	Bókasafn Garðatorgi	Álftanessafn
Bækur	1.334 (þar af gjafir 129)	347
Tímarit	695	219
DVD	84	1
Annað (hljóðbækur,nótur,kort)	47	3
Samtals	2.160	570

Samtals 2.730 eintök nýskráðra gagna (2.954 árið 2013)

Afskrifuð og töpuð gögn 2014:

Tegund safnefnis	Bókasafn Garðatorgi	Álftanessafn
Bækur	482	141
Tímarit	699	80
Myndbönd/DVD	23	0
Hljóðbækur	10	0
Tónlistadiskar	8	0
Nótnefni	1	2
Samtals	1.223	223



Samtals 1.446 eintök afskrifaðra gagna

Útlán

Í töflunum hér fyrir neðan má sjá hvernig útlán ársins skiptust eftir gagnategundum og mánuðum, annars vegar í safninu á Garðatorgi og hins vegar í Álfthanessafni.

Tegundir gagna	Bókasafn Garðatorgi	Álfthanessafn
Bækur	48.266	6.998
Tímarit	6.152	2.662
DVD/Myndbönd	2.239	0
Hljóðbækur	1.205	0
Tónlistardiskar	189	0
Annað	154	16
Samtals	58.205	9.676

Samanlögð útlán í báðum söfnum árið 2014 voru 67.881, en voru 75.097 árið 2013. Útlán drógust saman um 6,7% í safninu á Garðatorgi, en um 32% í Álfthanessafni. Eða að jafnaði um 10,5%. Þetta er í takt við það sem er að gerast í öðrum almenningssöfnunum á landinu þar sem útlánum hefur fækkað töluvert á undanförunum tveimur til þremur árum. Það vekur athygli að útlán á DVD diskum hafa dregist saman um um 8,6% en útlán á hljóðbókum aukist um 5% milli ára. Milli 2012 og 2013 fækkaði útlánum að jafnaði um 0,6%.

Eins og áður var mest lánað út af bókum og tímaritsheftum eða samanlagt 64.078. Annað efni (DVD, hljóðbækur, kort, gagnasett og nótur etc.) samanlagt 3.803 útlán. Útlán per íbúa í sameinuðu sveitarfélagi voru 4,7. Í safninu á Garðatorgi var mest lánað út yfir sumarmánuðina júní, júlí og ágúst og í október. Flest útlán í Álfthanessafni voru í september, október, janúar og mars. Útlán jukust lítillega í Álfthanessafni yfir sumarmánuðina júní, júlí og ágúst milli ára. Líklega vegna aukins opnunartíma en safnið hefur verið meira og minna lokað yfir sumartímann undanfarin ár. Þess má geta að fjóra síðustu mánuði ársins 2014 jukust samanlögð útlán í Álfthanessafni lítillega eða úr 3.615 útlán 2013 í 4.007 útlán 2014 sem er rúmlega 11% aukning miðað við sama tíma árið áður.

Á töflunni hér fyrir neðan má sjá hvernig útlán skiptast niður eftir mánuðum:

Mánuður	Bókasafnið Garðatorgi (útlán)	Álfthanessafn (útlán)
janúar	4835	1062
febrúar	4760	810
mars	4680	1071
apríl	4449	855
maí	3837	645
júní	5039	409
júlí	6072	297
ágúst	5145	520
september	4946	1172 (942)
október	5210	1117 (1105)
nóvember	5004	1043 (886)
desember	4228	675 (672)
Samtals	58.205	9.676

Millisafnalán

Eitt af markmiðum samskrár íslenskra bókasafna (gegnir.is / leitir.is) er að auðvelda fólki aðgengi að bókakosti landsins. Nú geta allir leitað að bókum í gegnir.is / leitir.is, séð hvar þær era ð finna og fengið þær lánaðar milli safna. Undanfarin ár hafa flest millisafnalán í Bókasafni Garðabæjar verið í tengslum við samstarfsverkfnið “Bækur og móðurmál” þar sem Bóksafn Garðabæjar er móðursafn fyrir portúgalskar bækur.

Upplýsingaþjónusta

Útlána- og upplýsingaþjónusta tekur á öllum þáttum sem snúa að útlánum og þjónustu við lánþega og safngesti. Í safninu er netaðgangur og lesaðstaða. Tvær leitartölvur eru til afnota fyrir lánþega, tengdar Gegni og þrjár nettengdar tölvur stóðu safngestum til boða gegn vægu gjaldi. Þeir sem komu með eigin tölvur gátu komist á þráðlaust net á lesstofu bókasafnsins sér að kostnaðarlausu. Hafðís Ingimundardóttir, bókasafnsfræðingur hefur yfirumsjón með útlána- og upplýsingaþjónustu bókasafnsins.

Upplýsingaþjónusta bókasafnsins felst meðal annars í þjónustu við einstaklinga sem leita eftir heimildum og upplýsingum um bóka- og tímaritakost safnsins og aðstoða við að leita og finna gögn á rafrænu formi.

Þá er starfsfólk safnsins ætíð reiðubúið til að aðstoða safngesti við að finna bækur til að lesa sér til afþreyingar. Ljósritað er, gegn gjaldi, upp úr gögnum safnsins sé þess óskað.

Dagblöð, tímarit og upplýsingabæklingar frá Garðabæ og ýmsum öðrum aðilum liggja frammi í tímaritahorni. Fjöldi fólks kemur daglega í safnið til að lesa dagblöð og tímarit sér til afþreyingar.

Landsaðgangur | **hvar.is**

RAFRÆN TÍMARIT OG GAGNASÖFN

Upplýsingaþjónustan felur einnig í sér að veita safngestum aðgang og aðstoða þá við upplýsinga- og heimildaleit í innlendum og erlendum gagnagrunnum eins og *gegnir.is*, *leitir.is* og *hvar.is* (Landsaðgangur að erlendum gagnasöfnum)

Niðurhal tímarita og bóka úr gagnagrunnum **hvar.is**, sem bókasafnið er áskrifandi að, má að sönnu líta á sem þjónustu sem kemur til viðbótar við hin hefðbundnu útlán bókasafnsins. Erfitt er að segja að hve miklu leyti Garðabæingar notfæra sér þá þjónustu.

Leitarvefurinn **Leitir.is** er öllum aðgengilegur og gagnast við hvers kyns upplýsingaleit sem tengist námi, lestri, rannsóknum og dægradvöl.



Farið var í sérstakt átak til að kenna lánþegum á sjálfsafgreiðsluvélina (útlánavél) sem tekin var í notkun í lok árs 2013. Vélin var færð á meira áberandi stað og spjöld með notkunarleiðbeiningum voru hengd upp. Fljótt á litið virðist 30-40% lánþega nota nú sjálfsafgreiðsluvélina og má segja að hún hafi aukið og stórbætt alla útlánaþjónustu við lánþega og einnig létt álagi af starfsfólki sem nú getur í auknum mæli sinnt ýmsum öðrum verkefnum.

Heimasíða og fésbók

Breytingar voru gerðar á heimasíðu bókasafnsins og hún uppfærð til samræmis við aðrar heimasíður stofnana og skóla í Garðabæ. Henni er meðal annars ætlað að veita upplýsingar um bókasafnið, þjónustu og viðburði á vegum þess. Auk þess má þar finna ýmis konar upplýsinga úr bókmenntaheiminum, svo sem nýjustu útgáfur og fleira. Á heimasíðunni eru einnig birtar tilkynningar og fréttir af því helsta sem er á döfinni í safninu hverju sinni. Heimasíða er í umsjón Helgu Sifjar Guðmundsdóttur.



Bókasafn Garðabæjar heldur einnig úti fésbókarsíðu sem gegnir fyrst og fremst því hlutverki að miðla upplýsingum til lánþega og safngesta um ýmsa þætti í starfsemi safnsins. Þar eru til dæmis settar inn upplýsingar um bækur og höfunda og annað sem er á döfinni í bókmenntaheiminum hverju sinni. Á fésbókarsíðunni birtast einnig í viku hverri kynningar á "höfundum vikunnar." Og þema mánaðarins. Tilgangurinn með þessum kynningum er ekki síst að kynna til sögunnar efni eftir eldri höfunda og höfunda sem hafa í tímans rás gleymst eða dottið úr tísku.

Sigmar Þór Óttarsson bókaforsetur hefur umsjón með fésbókarsíðu bókasafnsins.

Lesstofa

Lesstofa safnsins er á 2. hæð. Á lesstofu eru geymdar bækur og uppflettirit sem ekki eru til útláns heldur eingöngu til afnota á safninu. Mest er aðsóknin að lesstofunni á próftímum skólanna; í maí og nóvember. Auk þess hafa leshringur og ættfræðiklúbburinn fastan tíma á lesstofu hálfsmánaðarlega. Leshring sækja að jafnaði 16-18 konur annan hvern þriðjudag. Fundir ættfræðiklúbbsins sækja að jafnaði mæta 10-12 manns hálfsmánaðarlega yfir vetrarmánuðina. Rúmlega eitt þúsund manns sóttu lesstofuna á árinu ef með eru taldir meðlimir leshringsins og ættfræðiklúbbsins.

Samstarf við önnur bókasöfn

Bókasafn Garðabæjar er í góðu samstarfi við Bókasafn Kópavogs og Bókasafn Hafnarfjarðar. Það felst m.a. í því að eitt og sama skírteinið gildir í öllum þessum bókasöfnum og hafa lánþegar þessara sveitarfélaga því jafnan aðgang að safnkosti allra safnanna þótt þeir greiði aðeins fyrir skírteini í einu þeirra. Forstöðumenn bókasafnanna hafa undanfarin ár hist reglulega á fundum til að ræða samstarfið og þróun þess. Þá hafa söfnin haldið sameiginlega fræðslufundi fyrir starfsfólk allra safnanna þar sem meðal annars er fjallað um starfsmannamál, bókmenntir og eitt og annað sem viðkemur bókasöfnum.

Menningarstarfsemi og viðburðir



Leshringur bókasafnsins starfaði af fullum krafti á árinu og var þetta 14. starfsár leshringsins, en hann kemur saman annan hvern þriðjudag á lesstofu bókasafnsins. Kynjahlutfall í honum er mjög ójafnt því enn mæta eingöngu konur. Markmið leshringsins er að fræðast um rithöfunda, verk þeirra og stefnur og strauma í bókmenntum, hvetja til lesturs og eiga skemmtilegar samræður í góðum hópi.

Um 18-20 konur sóttu leshring bókasafnsins að jafnaði síðastliðið ár. Meðlimir velja sér og

ræða um rithöfunda, íslenska og erlenda, og verk þeirra, stefnur og strauma í bókmenntum sem tengjast þeim eða einhver þematengd efni sem finna má í bókmenntum. Á fyrri önn jan - maí var fjallað um skáldsögur frá 20. öld, sem hafa Reykjavík sem sögusvið. Farið var í vorferð í lokin og þá var Gunnarshús við Dyngjuveg heimsótt, en þar er Rithöfundasamband Íslands til húsa. Hlaut hópurinn mjög góðar móttökur, fékk leiðsögn um húsið og hlustaði á fræðsluerindi um líf Gunnars Gunnarssonar. Síðan var snæddur hádegisverður á veitingastaðnum Satt á Hótel Natura. Á seinni önn sept.- des. voru ritverk Ólafs Gunnarsson til umfjöllunar, auk nokkurra hollenskra skáldrita frá ýmsum tímum. Lauk því með jólafundi 2. desember, en þá lásu meðlimir upp jólasögur og ljóð og buðu upp á heimatilbúnar veitingar við kertaljós. Umsjónarmaður leshrings er Rósa Þóra Magnúsdóttir.

Ættfræðiklúbbur

Ættfræðihópurinn starfaði með líku sniði og leshringurinn, þ.e. hittist hálfsmánaðarlega yfir vetrartímann á lesstofu bókasafnsins. Þetta er fjórða árið sem hópurinn starfar. Að öllu jöfnu er ekki um formlega dagskrá að ræða, en fólk segir frá því sem það er að fást við hverju sinni. Margir eru að safna alls konar heimildum um ættmenn sína og fjölskyldur eða annað áhugavert efni, svo sem niðjatöl og áatöl. Fundirnir hafa verið vel sóttir, góðar og skemmtilegar umræður hafa farið þar fram. Að venju eru útgefnar bækur fyrirferðar miklar í umræðunni, ekki síst nýjar ævisögur og þjóðlegur fróðleikur.

Hópurinn fór í heimsókn á Landnámssafnið í Aðalstræti í Reykjavík. Þar tók á móti honum Guðbrandur Benediktsson forstöðumaður safnanna í Reykjavík. Flutti hann fróðlegt erindi og skýrði út það sem fyrir augu ber. Eins hefur hópurinn heimsótt Ljósmyndasafn Reykjavíkur og fengið þar góða leiðsögn safnvarða. Þá skoðaði hópurinn sýningu á vegum Guðfinnu Ragnarsdóttur, fyrrverandi menntaskólakennara og núverandi ritstjóra fréttabréfs Ættfræðifélagsins, og eiginmanns hennar Magnúsar Grímssonar. Sýningin samanstóð af munum úr fjölskyldusögu Guðfinnu og sagði hún frá sögu munanna. Eins flutti hún afar skemmtilegt erindi um ættfræði og sagði ýmsar smellnar sögur úr ættfræðinni. Öðru hverju skoðar hópurinn áhugaverðar vefslóðir og meðal annars barst hópnun vefslóð og vitneskja um gamlar ljósmyndir frá Íslandi í eigu Cornell háskóla í Bandaríkjunum. Það er mikill hugur ættfræðiklúbbnum og vilji til að halda þessu starfinu áfram.

Safnanótt



Dagskrá Bókasafnsins á safnanótt 7. feb. 2014 var skemmtileg að vanda. Eins og venjan hefur verið undanfarin ár var opið hús milli klukkan 19 og 24. Sett var upp ljósmyndasýning sem bar nafnið **“Fólk og umhverfi”** þar sem sýndar voru ljósmyndir í eigu Garðabæjar og þar sem gestum og gangandi gafst tækifæri til að miðla upplýsingum um fólk og staði á myndunum.

Auglýsingaskjór var settur upp í afgreiðslu bókasafnsins af þessu tilefni og þar voru einnig sýndar ljósmyndir sem tengdust sýningunni. Þess má geta að eftir að sýningin lauk hefur skjárinn verið notaður til að koma ýmsum tilkynningum og auglýsingum á framfæri við lánþega.

Á safnanótt fór einnig fram leikspuni fyrir alla fjölskylduna þar sem nemendur af leiklistarbraut FG fluttu léku af fingrum fram fyrir fólk á öllum aldri. Að lokum kom kvennakór Garðabæjar í safnið og flutti ljúfa tóna tóna undir stjórn bæjarlistamans Garðabæjar, Ingibjargar Óskarsdóttur.



Í Álftanessafni var einnig opið hús 19:00-24:00. Samspilshópur nemenda úr Tónlistarskóla Garðabæjar (Álftaness) flutti nokkur lög og seinna um kvöldið var fluttur leikspuni í umsjón nema af leiklistabraut Fjölbrotarskólans.

Listasmiðjur

Bók + List var haldin hér í bókasafninu þann 26. apríl. Þátttakendum gafst kostur á að nota afskrifaðar bækur (sem annars enda í Sorpu) og breyta þeim í listaverk. Þátttaka var frábær og færri komust að en vildu. Önnur listasmiðja var í nóvember undir heitinu Róbótar og Tröll í tengslum við Norrænu bókasafnavíkuna. Fyrirhugaðar eru feiri listasmiðjur framtíðinni. Listasmiðjur eru í umsjón Helgu Sifjar Guðmundsdóttur.



Bókasafnadagurinn var haldinn hátíðlegur í þriðja sinn hinn 9. september. Þá var boðið upp á vöfflukaffi. Allir DVD diskar voru fríir í tilefni dagsins og kynntur var listi yfir 100 bestu fræðibækurnar, en listinn var settur saman af starfsfólki bókasafna um allt land. Starfsmenn báru hatta í tilefni dagsins og boðið var uppá kaffi og vöffur með rjóma.

Sögugöngur fjórða árið í röð

Laugardaginn 3. maí sl. var haldið í árlega sögugöngu á vegum Bókasafns Garðabæjar og menningar- og safnanefndar. Að þessu sinni var gangan haldin í samstarfi við Tónlistarskóla Garðabæjar í tilefni af 50 ára afmælis skólans. Góður hópur fólks á öllum aldri mætti í gönguna sem lagði af stað frá bókasafninu á Garðatorgi. Gengið var um söguslóðir Tónlistarskólans undir leiðsögn Stefáns Kristmannssonar. Gengið var á milli nokkurra staða í bænum þar sem Tónlistarskólinn hefur verið til húsa, þar má nefna Flataskóla, Hraunhóla, Hæðarbyggð og Kirkjulund.



Í júlí var opnuð örsýning á þeim aragrúa bókamerkjum sem hafa gleymst inni bókum safnsins. Helga Sif Guðmundsdóttir, myndlistakona og starfsmaður á bókasafninu sá um að setja hana upp.

Sumarlestur 2014

Sumarlestur bókasafnsins stendur yfir frá miðjum júní fram í miðjan ágúst ár hvert og er stærsta einstaka verkefni barnadeildarinnar. Markmiðið með sumarlestri er að hvetja börnin til lesturs yfir sumartímann svo að þau tapi ekki niður lestrarkunnáttu sinni í sumarfrí skólanna. Hefur þetta verkefni fest sig vel í sessi og verið árlegur viðburður undanfarin 12 ár. Fjöldi þátttakenda hefur aukist ár frá ári og áhugi sumra það mikill að börnin eru farin að spyrja í febrúar hvenær sumarlesturinn hefjist. Sumarlestri lýkur alltaf með verðlaunahátíð þar sem afhent eru verðlaun og viðurkenningar og boðið uppá skemmtiatriði og veitingar.

Lokahátíð sumarlestursins fór fram 21. ágúst og voru þá veittar viðurkenningar og verðlaun og dregið úr lukkupotti. Ævar vísindamaður lék listir sínar og boðið var til grillveislu.

Skráningar í sumarlestur voru alls 189. 138 stúlkur og 51 drengir.

62 börn skiluðu inn lestrardagbók eða 50 stúlkur og 12 drengir

Fjölmennustu árgangar voru börn fædd 2005, 2006, 2007

Heildarfjöldi lesinna blaðsíðna: **94. 734 bls.**

Lestrarhestar ársins voru:

Hugrún Gréta Arnarsdóttir, 2001 10.720 bls.

Hrafnhildur Ming Þórunnardóttir, 2002 8.275 bls.



Aðrir vinningshafar - flestar blaðsíður lesnar eftir aldurshópum:

2008, 6 ára: Snædís Birna Guðjónsdóttir 354 bls.

2007, 7 ára: Katrín Silja Aðalsteinsdóttir 2227 bls.

2006, 8 ára: Þorbjörg Helga Sveinbjörnsdóttir 2061 bls.

2005, 9 ára: Anney Fjola Þorgeirsdóttir 5416 bls.

2004, 10 ára: Elisabeth Eiríka Ellingsen Óttars 2835 bls.

2003, 11 ára: Klara Ósk Sigurðardóttir 4303 bls.

2002, 12 ára: Rakel María Ellingsen Óttarsd 5357 bls.

Hvatningarverðlaun fyrir mjög góðan árangur hlutu:

Salka Ýr Ómarsdóttir, Þórey María Kolbeins, Birta Dís Gunnarsdóttir, Eyvör Ómarsdóttir, Eva Margrét Magnúsdóttir, Hjördís Emma Arnarsdóttir, Austin Ching Yu NG, Sigfús Ísarr Þórðarson, Margrét Eir Gunnlaugsdóttir, Ragnhildur Guðrún Guðmundsdóttir, Tara Sól Guðmundsdóttir, Bergdís Lilja Þorsteinsdóttir, Dóra Sjöfn Halldórsdóttir, Júlíana Karitas Jóhannsdóttir.

Heimsóknir leik- og grunnskólabarna

Eitt meginmarkmið barnastarfsins er að hvetja börn til lesturs og stuðla að því að þau læri frá unga aldri að bókasafnið er eftirsóknarverður staður sem veitir aðgang að fjölbreyttum ævintýra- og fræðsluheimi í notalegu umhverfi. Áhersla er lögð á að fylgjast vel með útgáfu barnabóka, kaupa inn nýjustu bækurnar hverju sinni og annað efni sem hinir ungu lesendur sækjast eftir.



Liður í lestrahvatningu er að bjóða skólahópum, leik- og grunnskóla, í heimsóknir og sögustundir og safnkynningar. Í leiðinni fá hóparnir fræðslu um meðferð bóka og fá tækifæri til að skoða bækur að eigin vali eða bara til að spila, lita og föndra. Í barnadeild má líka finna spil, púsl og bókatengd verkefni í formi getrauna og þrauta. En síðast en ekki síst má nefna jákvætt og hlýlegt viðmót starfsfólks, sem leggur sig fram um að aðstoða við leit og val á lestrarefni og gefur skýr skilaboð um að öll börn séu alltaf velkomin á bókasafnið.

Hinn alþjóðlegi bangsadagur var í október og voru bangsasögur lesnar í sögustundinni 25. október og börn hvött til að koma með bangsann sinn og fá bangsamyndir. Norræna bókasafnavikan var haldinn 10. – 14. nóvember og hafði hún að þessu sinni yfirskriftina “Tröll á Norðurlöndum” þar sem tröll og tröllasögur voru í fyrirrúmi. Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur 15. nóvember með leiklestri og söng fyrir alla fjölskylduna.

Aðventudagskrá og Jólaleiksýning

Fjöldi barna tók þátt í aðventudagskránni þar sem m.a. var boðið upp á jólaföndur og upplestur úr nýjum barnabókum í umsjón starfsmanna safnsins. Og eins og undanfarin ár var fullt út úr dyrum á lesstofunni á árlegri jólaleiksýningu bókasafnsins sem að þessu sinni var sýningin “Þegar Tröllli stal jólunum” í leikgerð leikhópsins Miðnætti.

Safnastarf í Áftanessafni

Þátttaka í safnanótt í febrúar 2014. Norræn bókasafnsvika var haldin 10. nóvember og þá var nemendum úr 1.- 4. bekk boðið í heimsókn á safnið. Nokkrir nemendur úr unglingadeildunum sóttu þau í bekkina og fylgdu þeim á bókasafnið og lásu söguna Skrímslaerjur eftir Áslaugu Jónsdóttir, en þema Norrænu bókasafnavikunnar að þessu sinni var tröll og skrímsli. Búið var að skanna allar myndir úr bókinni og þeim varpað upp á skjávarpa um leið og hver bls. var lesin. Í lokin voru umræður um boðskap sögunnar.

Lestraráttak Ævar vísindamanns hófst 1. október og stóð til 1. febrúar. Mjög góð þátttaka var í verkefninu og veitt voru þrenn bókaverðlaun áður en kassinn með seðlunum var sendur til Ævars.

Annað lestrarátak “Jólalestur” hófst um miðjan nóvember. Nemendur úr 1. – 6. bekk fengu lestrarmiða þar sem lesa átti þrjár jólabækur. Eftir hverjar þrjár bækur fengu nemendur jólalegt viðurkenningarskjal með nafni á völdum jólasveinum. Margir nemendur fengu nokkur viðurkenningaskjöl.

Gunnar Helgason, rithöfundur kom í heimsókn og las úr bók sinni Gula spjaldið í Gautaborg fyrir nemendur í 3. – 10. bekk. Nemendur mjög áhugasamir.

Leshópurinn “Lesum saman” kemur saman á bókasafninu 1. miðvikudagskvöld í hverjum mánuði.


Bókaverðlaun barnanna og ljóð unga fólksins

Bókaverðlaun barnanna verða þannig til að börnin velja, bæði á bæjarbókasafninu og í skólasöfnum bæjarins, sínar uppáhaldsbækur sem komið hafa út á árinu. Þegar öllum tillögum hefur verið safnað saman er útbúið plakat með myndum og nöfnum þeirra bóka sem börnin hafa valið.

Ljóð unga fólksins er ljóðasamkeppni þar sem þátttakendur þ.e. grunnskólabörn semja ljóð og árlega eru nokkur þeirra valin í ljóðabók sem er gefin út í lok keppinnar. Barnabókavörður hefur umsjón með framkvæmd þessara verkefna og sér um að kynna þau. Bókin sem hlaut flest atkvæði var bók Gunnars Helgasonar, Rangstæður í Reykjavík. Er samstarfsverkefni almenningabókasafna og skólabókasafna.

Ráðstefnur, námskeið og fundir

Starfsmannafundir (4)
 Jólagleði starfsmanna á Tapasbarnum(1)
 Morgunkorn Upplýsingar (OHB & HI) (2)
 Gegnir - Leitir (HI, HÁ) (2)
 Samráðsfundir Aleflis (HÁ HI)(2)
 Samráðs- og fræðslufundir skrásetjara (HÁ) (2)
 Fyrirlestur um markþjálfun BHM(OHB) (2)
 Fyrirlestur Lindu Baldvinsdóttur "Markþjálfun fyrir alla sept. (Allir starfsmenn)
 Vorfundur Fínu í maí á Grundarfirði (OHB)
 Fyrirlestur um starfslok BHM (OHB)
 Landsfundur Upplýsingar á Akureyri í okt. (OHB)
 Fræðsla um jafningjastjórnun á Hotel Nordica í nóv. (OHB)



Skjalasafn

Þar sem Garðabær er ekki aðili að héraðsskjalasafni hefur í gegnum árin myndast hefð fyrir því að bókasafnið taki við og geymi eldri skjöl frá stofnunum, félagasamtökum og einkaaðilum í bænum. Mörg þessara skjala bera vott um merka sögu sveitarfélagsins t.d. handskrifaðar bækur eftir Guðmann Magnússon hreppstjóra allt aftur til ársins 1969. Í dag liggja elstu skjölin undir skemmdum vegna vöntunar á viðeigandi geymsluskilyrðum og er því brýnt að marka stefnu til framtíðar um varðveislu og aðgengi þeirra. Í gegnum Liðstyrk, samstarfsverkefni Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga starfaði Stefán Kristmannsson, tímabundið við að greina, flokka og skrá skjalasafn bókasafnsins.

Lokaorð

Tveir nýjir starfsmenn hófu störf í bókasafninu á árinu, þær Helga Sif Guðmundsdóttir og Sigrún Linda Loftsdóttir. Helga Sif starfar í safninu á Garðatorgi í 50% starfi, en Sigrún Linda er í 20% starfi í Álfthanessafni. Samanlögð safneign Bókasafns Garðabæjar og Álfthanessafns var í árslok 2014 75.215 eintök bóka, tímarita og annarra safngagna. Á árinu bættust við 2.730 eintök nýskráðra gagna og afskrifuð voru samtals 1.446 safngögn.

Útlán voru samtals 67.881 en voru 75.097 árið 2013 og drógust því saman um um 10.6 % á milli ára. Þessi þróun er í takt við það sem er að gerast í öðrum almenningabókasöfnum á landinu. Útlán bókasafna hafa verið á niðurleið frá árinu 2010 þegar þau náðu hæstum hæðum eftir hrun. Hins vegar hefur gestafjöldi aukist á flestum bókasöfnum sem er ánægjuefni.

Gestafjöldi í Bókasafni Garðabæjar á Garðatorgi var 44.620 2014 eða í kringum 200 gestir á dag að meðaltali. Ekki eru til nákvæmar tölur yfir gestafjölda í Álfthanessafni. Það vekur athygli að útlán í Álfthanessafni drógust saman um 32 % á milli ára og er það miklu meira en gengur og gerist í öðrum bókasöfnum í landinu. Það kemur á óvart, veldur vonbrigðum og er eitthvað sem þarfnast nánari athugunar.

Mörg verkefni og viðburðir, fyrir utan hefðbundna útlánastarfsemi, hafa fest sig í sessi í Bókasafni Garðabæjar á undanförunum árum. Má þar nefna leshring sem hefur starfað við bóksafnið í samfelld 14 ár. Ættfræðikúbb sem hefur starfað undanfarna fjóra vetur. Safnanótt er árlegur viðburður. Sögugöngur sem farnar eru í maí eru komnar til að vera. Að þessu sinni var sögugangan skipulögð í samstarfi við Tónlistarskóla Garðabæjar sem fagnaði 50 ára afmæli sínu á árinu.

Barnastarfið var bæði fjölbreytt og skemmtilegt. Þungamiðjan í því var, eins og undanfarin ár, lestrahvatning. Þar kemur sumarlestur bókasafnsins sterkt inn auk þess sem boðið var reglulega upp á safnkynningar og sögustundir fyrir leik- og grunnskólabörn. Þannig gefst börnum færi á því að kynnast töfraheimi bókanna í notalegu umhverfi. Það eykur lestraáhuga og þar með líkurnar á því að þau þroski með sér áhuga á yndislestri sem iðulega leiðir til meiri málþroska og betri námsárangurs. Önnur lestrahvetjandi verkefni sem bókasafnið var aðili að var lestrarátak Ævars vísindamanns, bókaverðlaunum barnanna, bangsadagur og fleira.

Á haustdögum var ráðist í ýmsar nýjungar í starfinu meðal annars var farið af stað með eru fjölskyldudaga á laugardögum tvo síðustu mánuði ársins. Á fjölskyldudögum var boðið upp á fastar sögu- og föndurstundir. Meðal annarra nýjunga á árinu má nefna listasmiðjur. Ein slík var í mars undir heitinu **Bók+list** og önnur í nóvember undir heitinu **Róbótar+tröll**. Listasmiðjurnar voru í umsjón Helgu Sifjar myndlistakonu sem er nýr starfsmaður á safninu.

Í október auglýsti bókasafnið, í samvinnu við Rauðakross deild Garðabæjar, eftir sjálfbóðaliðum til að taka að sér leiðsögn við lestur og heimanám á lesstofu safnsins. Ekki tókst að fá nægilega marga sjálfbóðaliða til að taka þátt í verkefninu fyrir áramót þannig verkefninu var ekki hrundið af stað fyrr en í byrjun yfirstandandi árs.

Um 1500 börn komu í hópaheimsóknir þ.e. safnkynningar og sögustundir. Ef með eru talin börnin sem tóku þátt í sumarlestri, lokahátið sumarlesturs, föndri, listasmiðjum og jólaleiksýningu fer talan yfir 2000. Þá komu hópar frá Þjálfunarsetri Hjalla, Íþróttaskóla Stjörnnunnar og Móaflið í heimsókn í safnið reglulega yfir veturinn.

Álftanessafnið var líka opið allt sumarið á sumaropnunartíma, en þar hefur bókasafnið verið meira og minna lokað yfir sumarið undanfarin ár.

Starfsmenn bókasafnsins voru duglegir við að sækja sér fræðslu og símenntun á árinu og leggja sig fram um að kynna sér nýjungar í bókasafnsfræðum og efla sig í starfi.

Farið var í sérstakt átak til að kenna lánþegum á sjálfsafgreiðsluvélina sem safnið fékk á haustmánuðum 2013. Svo virðist sem lánþegar nýti sér hana í auknum mæli og í fljótu bragði virðast 30-40% lánþega nota hana. Má segja að vélin hafi aukið og bætt alla útlánþjónustu við lánþega og einnig létt álagi af starfsfólki sem nú getur í auknum mæli sinnt ýmsum öðrum verkefnum sem hafa setið á hakanum. Næsta skref í tæknivæðingu bókasafnsins er að festa kaup á öryggishliði og innleiða RFID-tæknina (radio- frequency identification) ásamt því að setja viðeigandi auðkennismerki í bækur og önnur safngögn.

Auglýsingaskjór var settur upp í afgreiðslu bókasafnsins þar sem sýndar voru m.a. myndir á sýningunni “Fólk og umhverfi” í Garðabæ í tengslum við Safnanótt. Eftir að sýningunni lauk hefur skjórinn verið notaður til að koma ýmsum tilkynningum og auglýsingum á framfæri við lánþega.

Undanfarin ár hafa átt sér stað umtalsverðar breytingar á starfsemi bókasafna á Íslandi í átt að víðtækara menningarstarfi og er þessi þróun í samræmi við það sem hefur gerst hjá bókasöfnum í nágrannalöndum okkar. Kjarnaþjónustan, þ.e. útlán bóka, hefur víðast hvar verið að dragast saman, og sum staðar eru útlánin orðin orðin alveg rafræn og þjónustan meira og minna sjálvirk.

Mikil þróun hefur átt sér stað varðandi miðlæga flokkun og skráningu gagna og sameiginlega gagnagrunna þar sem finna má margvíslegar upplýsingar m.a. allar upplýsingar sem á þarf að halda varðandi bækur, tímarit og önnur bókasafnagögn. Má þar t.d. nefna Gegnir.is, leiti.is og hvar.is þar að auki hafa æ fleiri bókasöfn tekið sjálfsafgreiðsluvélar í sína þjónustu þannig að lánþegar geta nú víðast hvar afgreitt sig sig sjálfir með bækur.

Í nágrannalöndunum hafa víða verið sett á stofn svokölluð “sjálfsþjónustusöfn” self-service libraries” líkt og finna má í mörgum litlum sveitarfélögum, t.d. í Danmörku og hafa þau gefist vel. Í þeim er oft (ekki alltaf) enginn starfsmaður á staðnum, en lánþegar fá aðgang að safninu í gegnum rafræn skilríki og geta afgreitt sig sjálfir með bækur.

Bókasafn er ekki lengur bara safn bóka. Söfnin eru í meira og minna mæli orðin samkomustaður borgaranna. Starfsemin tekur sífelldum breytingum og þjónustan verður æ fjölbreyttari. Auk úlána og bókmenntatengdra viðburða bjóða almenningabókasöfn nú gjarnan upp á margs konar klúbbastarfsemi, listasmiðjur, myndlistarsýningar, tónlistarflutning, fjölbreytt barnastarf, upplýsingaþjónustu við ferðamenn og þjónustu við innflytjendur.

Bókasöfn hafa alltaf verið og eru enn mikilvæg lýðræðinu því þau veita öllum aðgengi að menningu, upplýsingum og þekkingu og fara ekki í manngreiningarálit. Þau eru griðastaður alls almennings óháð stöðu og stétt. Þangað kemur hver og einn á eigin forsendum og frumkvæði. Gestir sækja safnið til að lesa og fá lánaðar bækur, afla sér upplýsinga, taka þátt í viðburðum eða bara til að hitta vini og kunningja á notalegum stað í nærumhverfi sínu.

Ef lýsa ætti almenningabókasafni nútímans með einu orði þá væri það menningarmiðja; þar sem allir getur sótt sér upplýsingar, fróðleik, menningu, afþreyingu, fræðslu, viðburði og síðast en ekki síst félagsskap.

Almenningabókasöfn eru lifandi stofnanir í sífelldri þróun. Hönnun og skipulagning þess húsnæðis sem þau starfa í þarf að taka mið af þeim breytingum sem átt hafa sér stað í starfsemi þeirra á undanförunum árum. Í stað hins hefðbundna rýmis (húsnæðis) kemur nú þörfin fyrir vel hannað og skipulagt alrými þar sem fjölbreytt menningarstarfsemi getur farið fram. Þar sem áhersla er lögð á hlýlegt og notalegt umhverfi, vel búnað barnadeildir með listasmiðjum og aðstöðu fyrir margs konar afþreyingu, bæði fyrir börn og fullorðna.

Bókasöfn eru í miklu breytingarferli og spennandi tímar eru framundan. Skilningur stjórnenda sveitarfélaga á mikilvægi þeirra og stuðningur við starfsemi þeirra er grundvallaratriði. Fjölmörg almenningubókasöfn á Íslandi hafa þróast í átt að nútíma menningarmiðstöðvum með fjölbreytta starfsemi og þjónustu sem íbúarnir kunna vel að meta það. Víða um land hafa á síðustu árum verið byggð vel hönnuð bókasöfn. Alls staðar er lögð mikil áhersla á að tengja starfsemi þeirra við margvíslega menningarstarfsemi og skapa hlýlegt og notalegt umhverfi. Menn virðast því ennþá hafa þá trú að bókasöfn hafi mikilvægu hlutverki að gegna í hverju bæjarfélagi.

Bókasafn Garðabæjar hefur á undanförnum árum kappkostað að taka þátt í þessari þróun. Jafnvel þótt útlán hafi verið að dragst saman fækkar ekki gestum safnsins. Annars konar starfsemi hefur komið í staðinn, s.s. fjölbreytt barnastarf, lestrarhvetjandi verkefni eins og sumarlestur og heimanámssaðstoð, klúbbastarfsemi, bókmenntaviðburðir og fleira og fleira. Þetta aukna menningarhlutverk bóksafnsins er smátt og smátt að sprengja utan af sér það húsnæði sem það hefur til umráða. Þrengslin eru orðin mikil og þau farin að hamla starfsemi safnsins.

Bæjarbókasafnið í Garðabæ á vera fallegur og vel hannaður almenningur þar sem fólk kemur saman til að hittast, sýna sig og sjá aðra og taka þátt í menningarstarfi af ýmsu tagi. Hafi bókasafnið yfir slíku húsnæði að ráða getur það orð hornsteinn í menningarlífi bæjarbúa. Stofnun sem leggur sitt af mörkum til að örva alla menningarstarfsemi, lestur og skapandi hugsun.

Í apríl 2015

Oddný H. Björgvinsdóttir
forstöðumaður